

## STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2013, mánudaginn 25. mars haldinn 329. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Bláfjöllum og hófst kl. 09:10.  
Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Jón Haukur Ingvason, Theódór Kristjánsson, Egill T. Jóhannsson og Hörður Þorsteinsson  
Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram afrit af bréfum Garðabæjar, Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar til SSH vegna fjárhagsáætlunar SHB 2013 þar sem fram kemur að þau samþykki kostnaðarskiptingu og rekstur á árinu 2013 auk þess sem mótun eigendastefnu og nýs samstarfssamnings verði unnin á árinu. Samþykkt að leggja áherslu á að þegar verði hafist handa við endurskoðun samstarfssamnings milli sveitarfélaganna. Framkvæmdastjóri benti á mikilvægi þess að nýr samstarfssamningur verði tilbúinn í vor eins og upphaflega var stefnt að.

Fulltrúi Mosfellsbæjar ræddi um hlutverk stjórnarinnar og hvernig hægt væri að skerpa á vinnu hennar. Framkvæmdastjóri kom fram með þá hugmynd að haldinn yrði vinnufundur stjórnar og farið í stefnumótun fyrir skíðasvæðin.


2. Lagður fram ársreikningur skíðasvæðanna vegna ársins 2012. Eftirfarandi bókun var samþykkt:  
Stjórn skíðasvæðanna vekur athygli á neikvæðri rekstrarniðurstöðu ársins 2012 og ítrekar þá beiðni til sveitarfélaganna að þau leggi til aukidd fjármagn til að mæta uppsöfnuðu rekstrartapi. Rekstrarhalla ársins 2012 má fyrst og fremst rekja til kjarasamningshækkana á árinu, en einnig er hann tilkominn vegna bruna á skála í Bláfjöllum.
3. Lagt fram rekstraryfirlit janúar - mars 2013.
4. Lagt fram yfirlit um mögulegar framkvæmdir 2013-2016. Ómar Skarphéðinsson og Einar Bjarnason sátu fundinn undir þessum lið. Framkvæmdastjóri vakti athygli á að nauðsynlegt væri að ganga frá vali og kaupum á troðara þegar í sumar.
5. Stjórn skíðasvæðanna óskar eftir reglulegum upplýsingum frá framkvæmdastjóra um stöðu mála í fjöllumunum.

Fundi slitið kl. 10:50.

Eva Einarsdóttir

Jón Haukur Ingvason  
Egill T. Jóhannsson

Theódór Kristjánsson  
Hörður Þorsteinsson

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	94.2013
Málsnr:	1301054
Bréfal:	466.2